

Ed.

329. Nefndarátt

um frumv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kaupúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frumv. þetta til athugunar, og virðist henni rjett, að kaupstöðunum og kaupúnum, sem eru sjerstök hreppsþjelög, sje tryggður forkaupsrjettur á lóðum og enda mannvirkjum, þar sem svo hagar til, að almenn- ingi er það nauðsynlegt, að hið opinbera hafi eignarumráð yfir viðkomandi lóð eða hafnarmannvirki.

Þó nefndin þannig fallist á aðalatriði frv., vill hún reyna að draga sem mest úr því óhagræði, sem þessar ráðstafanir kynnu að geta bakað hlutaðeig-

andi lóðar- eða fasteignareigendum. T. d. með því að fyrirskipa birtingu á samþykktum um forkaupsrjett í Stjórnartíðindunum, og með því að stytta frest þann, sem í frv. er ætlaður aðilja til að neyta forkaupsrjettar, og enn fremur með því að lengja gildi yfirlýsingar aðilja um afsal forkaupsrjettar úr 6 mánuðum í eitt ár. Þá vill nefndin láta drátt á svari frá bæjar- eða hreppsfelagi við því, hvort neytt verði forkaupsrjettar — fram yfir hinn ákveðna frest — gilda sem afsal forkaupsrjettarins og heimild handa lóðar- eða fasteignareiganda til að ráðstafa eigninni á annan hátt.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. málsg. Orðið »lögsagnarumdæmi« falli burt.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðsins »stjórnarráðið« komi: atvinnumálaráðherra.
 - b. Aftan við greinina bætist:

Og skal hún birt B-deild Stjórnartíðinda.
3. Við 3. gr. 1. málsg. Í stað »kaupstað eða kaupþúni« komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.
4. Við 3. gr. 2. málsg. Í stað »eins mánaðar« í upphafi málsgreinarinnar komi: tveggja vikna.
5. Við 3. gr. síðustu málsg. Í stað »6 mánuði« í niðurlagi greinarinnar komi: eitt ár.
6. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:

Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsrjettar innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað hoðinu.
7. Við 4. gr. Í stað orðanna »kaupstað eða hreppsfelagi« komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Alþingi, 6. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Guðm. Ólafsson,
fundaskr.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.